

**Samkomulag
milli
Fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs
og
Stéttarfélags lögfræðinga**

11. ágúst 2008

Samningsaðilar eru sammála um að samkomulag aðila, dags. 28. júní 2008, verði borið að nýju undir atkvæði með þeim breytingum að gildistími samkomulagsins er frá 1. ágúst 2008 í stað 1. júní 2008 og grein 5.9 í kjarasamningi Stéttarfélags lögfræðinga fellur brott, sjá sérstaka bókun með samkomulagi þessu.

Reykjavík, 11. ágúst 2008

F.h. samninganefndar ríkisins
með fyrirvara um samþykki
fjármálaráðherra

*Gunnar Björnsson (sign.)
Ásta Lára Leósdóttir (sign.)*

F.h. Stéttarfélags lögfræðinga
með fyrirvara um samþykki
félagsmanna.

*Inga Rún Ólafsdóttir (sign.)
Einar E. Laxness (sign.)
Jóhann Hauksson (sign.)*

**Bókun
með
samkomulagi
dags. 11. ágúst 2008**

Aðilar eru ásáttir um að leitast við að koma í veg fyrir óhóflega starfsmannaveltu hjá ákveðnum embættum ríkisins, með sérstöku framlagi til stofnanasamninga þeirra að upphæð 6,7 milljónir króna. Þessu framlagi er ætlað til að efla grunnlaun almennra lögfræðinga á fyrstu starfsárum þeirra til að skapa meiri festu í rekstri embættanna.

Þær launabreytingar sem verða vegna bókunar þessarar skulu gilda frá 1. ágúst 2008.

Framlagið felur í sér kostnað við launatengd gjöld og miðast við ársgrunn.

Stéttarfélag lögfræðinga og viðkomandi stofnanir skulu koma sér saman um skiptingu fjárins í stofnanasamningum.